



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 9. september 2026

SFS26090009

MINNISBLAÐ

Staða ráðninga í borgareknum grunnskólum 9. september 2026

Staða ráðninga í grunnskólum er almennt betri en á sama tíma síðustu ár. Svör bárust frá 37 af 38 grunnskólum borgarinnar; af þeim segjast 19 hafa lokið ráðningum, 14 hafa enn ekki ráðið í allar stöður og hjá 4 skólum er staðan óljós. Ómönnuð stöðugildi eru samtals 22,4, samanborið við 46,9 í byrjun september í fyrra og 68,1 árið þar á undan. Alls starfa að jafnaði um þrjú þúsund manns í um 2.500 stöðugildum í grunnskólum borgarinnar og því á aðeins eftir að ráða í lítið brot stöðugilda.

Helst á eftir að ráða starfsfólk í stuðning eins og fyrri ár. Þar vantar starfsfólk í 14,1 stöðugildi, eða um tvo þriðju hluta allra ómannaðra stöðugilda. Kennarastöður sem enn vantar eru 4,3, en til samanburðar vantaði 11,7 kennarastöðugildi í fyrra og 20,6 árið þar á undan. Þróunin bendir því til verulegs bata í kennararáðningum milli ára, þó enn vanti réttindakennara í tiltekna greinar.


Í svörum frá skólastjórnendum kemur fram að ráðningar hafi gengið misjafnlega eftir starfsflokki. Nokkrir skólar nefna erfiðleika við að ráða réttindakennara, meðal annars í dönsku, heimilisfræði, tónmennt og íþróttum/sundi. Á móti virðist víða hafa gengið betur að ráða stuðningsfulltrúa og sums staðar bárust margar og/eða sterkar umsóknir í þær stöður.

Óljós svör tengjast einkum mati á sértækum stuðningsþörfum, mögulegri viðbótarúthlutun, breyttri nemendastöðu eða óvissu um stöðugildalíkan. Sú óvissa snýst því síður um hefðbundnar ráðningar í auglýstar stöður og meira um hvort núverandi mönnun dugi miðað við raunverulegar stuðningsþarfir.

Niðurstaða: Ráðningastaðan hefur batnað milli ára, sérstaklega í kennarastöður. Eftir stendur þó áskorun við að manna stuðning í samræmi við þarfir nemenda og tryggja réttindakennara í sérgreinum þar sem skortur er enn til staðar.



Reykjavík



Fjöldi stöðugilda sem unnið er að því að ráða í eftir flokkun starfa og árum



Reykjavík